


Minningarorð um Guðrúnu Einarsdóttur og Halldór Gíslason.



Guðrún Einarsdóttir.



Halldór Gíslason.

Frú Guðrún Einarsdóttir var fædd að Þverárdal í Laxárdal í Húnavatnssýslu 2. nóvember 1856. Foreldrar hennar voru þau hjónin Einar Guðmundsson, bróðir sjera Jónasar Guðmundssonar prests að Staðarhrauni og Björg Jónasdóttir (voru þau bræðrabörn), er bjuggu góðu búi að Gili í Svartárdal og ólst Guðrún upp hjá þeim, uns hún fluttist til Árna Sigurðssonar að Höfnum á Skagaströnd og síðan til sjera Páls Sigurðssonar að Hjaltabakka, og með honum og konu hans, frú Margrjetu Andreu, dóttur Þórðar sýslumanns Guðmundsen, að Gaulverjabæ, árið 1890. Þar kyntist Guðrún manni sínum, er síðar varð, Halldóri Gíslasyni trje- og rennismið frá Vatnsholti í Villingaholtshreppi, er þá átti heima að Vestari Loftstöðum, í nágrenni við Gaulverjabæ. Þau giftust 7. nóv. 1883 og fluttust það ár að Garðhúsum á Eyrarbakka og þar bjuggu þau um 18 ára skeið, í bæ þeim, er jafnan síðan var kendur við Halldór og nefndur var „Halldórsbær“, en árið 1902 fluttust þau til Reykjavíkur; dvöldu þau þar æ síðan. Halldór Gíslason andaðist 2. apríl 1921, en Guðrún, kona hans, 21. þ. m.

Börn þeirra hjóna voru þrjú:

1. Margrjet Andrea, gift Magnúsi Bergmann sjómanni í Reykjavík, og dvaldist Guðrún hjá þeim síðustu æfiár sín; naut hún þar mikils ástríkis og dæmafárrar umönnunar í hinum löngu og oft sáru veikindum sínum.

2. Einar Bergur, pósthjónn í Reykjavík, er flestum Reykvíkíngum mun kunnur hafa verið fyrir framúrskarandi lipurð og áreiðanlegleik í starfi sínu og öllum viðskiftum. Einar Bergur andaðist 20. október 1919.

3. Guðlaugur Gísli, málari í Reykjavík, kvæntur Sólveigu Jónsdóttur.

Auk barna sinna tóku þau Halldór og Guðrún að sjer tvö ung og umkomulítill börn, er mist höfðu foreldri sín, annað eða bæði, og ólu þau upp sem sín eigin börn, þær frú Lóu Bech og Láru Jónsdóttur, sem báðar eru búsettar hjer í Reykjavík.

Mig þæstur orð til þess að lýsa

arsdóttur, heimili þeirra og hátt-prýði allri, eins og vert væri; ætti mjer þó að vera manna kunnugast um það, því að hvorttveggja var, að jeg dvaldi á heimili þeirra á Eyrarbakka um 10 ára skeið og reyndust þau mjer ætíð sem bestu foreldrar væri, og svo hitt, að alla þá tíð, um 35 ára skeið, er við hjónin vorum í nágrenni við þau hjer, var ágætt vinfengi milli heimilis okkar og þeirra, sem aldrei fjell neinn fölskvi á.

Halldór Gíslason var sannkallað ljúfmenni, vandaður til orða og verka, þjóðhagasmiður á trje og málma, söngmaður góður og skáldmæltur vel, víðlesinn og fróður um margt. Maður, sem ekki mátti vamm sitt vita í neinu.

Guðrún Einarsdóttir var mæt kona mjög, hreinlunduð og trúrækin; hún var skörungur í skapi, stjórnsöm móðir og húsmóðir, en umfram alt, nærgætin og umhyggjusöm, síglöð í anda og skemtileg í viðræðum, enda vel að sjer bæði til munns og handa. Kostir þessa og enn fleiri ótalda ágætis eiginlegleika, er konur má prýða, átti hún ekki langt að sækja, því þannig var og móðir hennar, Björg gamla Jónasdóttir. Faðir Guðrúnar hafði og verið mætur maður.

Þegar vjer, Eyrbekkingarnir gömlu, nú sem oftast rennum hugum vorum til hinna ógleymanlegu æskustöðva vorra, og þá um leið til heimilis þeirra Halldórs og Guðrúnar þar eystra og hjer, minnumst vjer víst flestir, og þá eigi síst jeg og kona mín, með söknuði og þakklætistilfinningu fjölmargra indælla samverustunda með þeim og öðrum góðvinum, sem nú eru sem óðast að hverfa oss sýnum, en ávalt verða geymdir í góðri endurminningu, og henni því betri, sem þeir voru oss hollari og sannari vinir, eins og hjón þessi í sannleika voru.

Guð blessi minningu þeirra.

Jón Pálsson.

Annan janúar kl. 18.20 eftir dönskum tíma ætlar danska útvarnið að eiga samtál við